

9. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Hinu húsinu, 18. ágúst 2020, kl. 17:15

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Geir Finnson (GF), Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS), verkefnastjóri og Tinna Isebarn (TI) framkvstj. LUF. Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL) og Rut Einarsdóttir (RE) voru einnig með í gegnum fjarfundabúnað.

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur 17:20

Dagskrá:

1. **Fundargerð** 8. stjórnarfundar er samþykkt.
2. **Framkvæmdaráætlun til birtingar á heimasíðu:** Tillögur skrifstofu að bættu orðalagi eru samþykktar og HVS falið að birta.
3. **Samstarf við forseta Íslands:** HVS falið að senda bréf til að óska eftir fundi.
4. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:** Vinnuáætlun LUF hefur verið uppfærð.
 - 4.1. **Ríkisskattsstjóramálið:** TI hefur fylgt máli eftir við Hugverkastofuna (áður Einkaleyfastofa) og ítrekað erindi til Áfrýjunarnefndar. Að beiðni stjórnar hefur TI sótt um að heita LUF í fyrirtækjaskrá til bráðabyrgða.
 - 4.2. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið:** LUF fundar með ráðuneytinu á morgun um næstu skref. Samþykkt að óska eftir áframhaldandi samning.
 - 4.3. **Fundur með Erasmus+:** TI kynnir beiðni um samstarf frá Erasmus+ og mun boða stjórn á fund þegar dagsetning liggur fyrir.
 - 4.4. **Fundur með Æskulýðsráði:** TI eða SHB sækir fundinn.
 - 4.5. **Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs:** Fundar með LUF mánudaginn 24. september.
5. **Leiðtogaskólinn:**
 - 5.1. Stjórn LSÍ verður fullskipuð á 2. leiðtogaráðsfundi. TI er falið að koma með tillögu að dagssetningu fyrir valnefndarfund.
 - 5.2. Samstarfsbeiðni til Viðskiptaráðs Íslands er samþykkt.
6. **Staða ungs fólks á tímum Covid-19:** Send var beiðni á heilbrigðisráðherra og forsætisráðherra til að fylgja eftir fundi með forsætisráðherra og krefjast þátttöku í vinnustofu um aðgerðir gegn Covid-19. Heilbrigðisráðuneytið féllst á beiðni og mun UH vera fulltrúi LUF með erindi á samráðsfundi stjórnvalda 20. ágúst. Beið er eftir svari frá forsætisráðherra.
 - 6.1. LUF hefur stofnað til samráðs við SÍF, SHÍ, Samfés og LÍS varðandi skólalagd í haust og nýjar sóttvarnarreglur heilbrigðisráðherra.
7. **Alþjóðamál**
 - 7.1. **Sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum:** Samstarfsbeiðni við félagsmálaráðuneytið um að koma á fót Ungmannafulltrúa Íslands á sviði barna og ungmenna til að sækja „ECOSOC Youth Forum“ hefur verið samþykkt. [Auglýst](#) er eftir framboðum á vefsíðu LUF.
 - 7.1.1. **Nord-0-30** hefur samþykkt breytingar á verkefni. Í stað vinnustofu verður “fjar-vinnustofa” þar sem lögð er áhersla á afurðina: handbók fyrir sendinefnd LUF. HVS er falið að fylgja eftir.

- 7.1.2. **Fyrirspurn frá UNA UK:**TI: falið að halda samskiptum áfram fyrir næsta stjórnarfund.
- 7.1.3. **NUBE vinnustofa í Danmörku 4.-6. september og sjóðnum:** Frestað vegna Covid-19 til næsta árs.
- 7.1.4. **Samtarfsbeiðni frá Lettlandi:** SPF greinir frá að beiðni hefur verið dregin til baka.
- 7.1.5. **Aðalþing YFJ:** Verður haldið í gegnum fjarfundarbúnað í nóvember.
 - 7.1.5.1. **Tilnefningar NBC í stjórn YFJ:** SPF kynnir tilnefningar NBC í stjórn YFJ.
 - 7.1.5.2. **Yfirferð á stjórnunarháttum YFJ:** SPF leggur til að alþjóðanefndin taki þátt og er það samþykkt.
- 8. **Annar fundur Leiðtogaráðs 3. september:**
 - 8.1. Drög að dagskrá og fundarboð er samþykkt. UH leggur til að mögulega ályktun um stöðu ungs fólks á aðgerð vegna útbreiðslu Covid-19.
 - 8.2. TI falið að senda fundarboði fyrir 20. ágúst.
- 9. **Fjármögnun:** HVS kynnir styrktarumsóknir fyrir handbók um Sendinefnd LUF, kynningarvef ungmennafélaga, Félaga ársins 2020, stjórnmalaskóla fyrir Alþingiskosningar, þróunaráætlun og endurskoðun á stefnu með vinnuáætlun. Allar umsóknir eru samþykktar.
- 10. **Aðildarmál:**
 - 10.1. HVS kynnir skýrslu um mat á umsókn Ungheilla -Ungmennaráðs Barnaheilla. Aðildarumsókn er [samþykkt](#) með lófaklappi.
 - 10.2. HVS kynnir skýrslu um mat á umsókn Ungra fjárfesta. Aðildarumsókn er [samþykkt](#) með lófaklappi.
 - 10.3. Veraldarvinir hafa slitið félagi. Aðildarfélag eru þá 33.
- 11. **Undirbúningur fyrir vinnuáætlun:** HVS, SPF og TI falið að rannsaka fordæmi erlendis frá og kynna á næsta stjórnarfund.
- 12. **Næsti stjórnarfundur:** 1. september 17:15.
- 13. **Endurskoðun á stefnu LUF:** Skrifstofa óskar eftir tillögum frá stjórn.. Hafa skal útkomu stefnumótunarvinnunnar frá 1. leiðtogaráðsfundi til hliðsjónar. UH vekur athygli á þörf fyrir að gera raunverulegt samráð við ungt fólk hærra undir höfði í stefnu. TI og HVS falið að uppfæra fyrir næsta fund.
- 14. **Önnur mál:**
 - 14.1. Félagatal: Að undanförunu hefur LUF fengið fyrirspurnir um fjölda félaga í LUF og er HVS falið að færa upplýsingar um félagatal á heimasíðu á aðgengilegri stað. HVS er einnig falið að uppfæra leiðtogaráðið. TI leggur til að bjóða ráðinu upp á myndatöku fyrir heimasíðuna og er það samþykkt.

*Fleira var ekki rætt og fundi slitið 18:49
HVS ritaði fundargerð*